

# Leiðbeiningar til umsækjenda um styrki til starfsemi atvinnuleikhópa

Umsóknareyðublaðið er þrjár blaðsíður, þar sem gerð er hnitmiðuð grein fyrir verkefninu, umfangi þess, mannafla, fjárförf, tímamma og samstarfsaðilum.

Nauðsynleg fylgigögn eru:

- starfsferilsskrár listrænna stjórnenda og annarra þátttakenda (ein blaðsíða fyrir hvern)
- greinargerð um verkefnið (1 til 3 blaðsíður)
- fjárhagsáætlun

Önnur fylgigögn eru valkvæð.

## A. UMSÓKNAREYÐUBLAÐ

Vinsamlega athugið að umsóknareyðublaðið er það sama fyrir allar sviðslistir; ef einhverjir reitir eiga ekki við, skiljið þá eftir auða.

– Yfirlit yfir listræna stjórnendur og þátttakendur: Hér skal merkja í dálkinn lengst til hægri, ef viðkomandi listamenn sækja einnig um laun í launasjóð listamanna vegna þessa verkefnis. Vinsamlegast skráið fjölda mánaða alls. .

– Aðrir opinberir styrkir sem sótt er um vegna verkefnisins.

Ef umsækjandi hefur sótt eða hyggst sækja um aðra styrki vegna sama verkefnis er hann beðinn að gera grein fyrir þeim hér, tilgreina sjóði eða aðra aðila sem sótt er til og hvaða upphæðir sótt er um. Á fyrstu síðu umsóknar skal tekið fram ef viðkomandi listamenn sækja um í launasjóð og þarf ekki að endurtaka það hér.

– Opinberir styrkir og/eða starfslaun sl. 3 ár

Gerið grein fyrir opinberum styrkjum og/eða starfslaunum sem umsækjandi/forsvarsmaður verkefnisins hefur hlotið árin 2008, 2009 og 2010. Vinsamlega tilgreinið sundurliðið eftir árum og verkefnum. Í starfsferilskráum skal geta um opinbera styrki og/eða starfslaun annarra þátttakenda.

– Skrá yfir fylgigögn önnur en skyldugögn

Hér skal tilgreina þau gögn sem umsækjandi velur að senda með umsókn sinni, s.s. handrit, myndir, bæklinga, geisladiska o.þ.h. Athygli er vakin á því að nægilegt er að skila einu eintaki af slíkum gögnum.

Hér á ekki að tilgreina nauðsynleg fylgigögn, sem eru starfsferilsskrár, greinargerð um verkefni og fjárhagsáætlun.

Á bls. 3 skal færa inn tölur úr fjárhagsáætlun:

- Uppsetningarkostnaður samtals
- Styrkhlutfall sem óskað er eftir
- Upphæð styrks sem sótt er um

Loks er neðst á bls 3 pláss til þess að undirrita umsóknina.

## **B. NAUÐSYNLEG FYLGIGÖGN**

### **1. Starfsferilsskrár þátttakenda.**

Mælst er til þess að hver starfsferilsskrá sé á einni blaðsíðu.

Geta skal um opinbera styrki og/eða starfslaun sl. 3 ár, þ.e. árin 2008, 2009 og 2010 þar sem það á við. Einnig skal geta um alla opinbera styrki sem sótt er um vegna nýja verkefnisins.

### **2. Greinargerð um verkefni.**

Umsækjandi gerir grein fyrir eðli, markmiðum og gildi verkefnisins, á 1 - 3 bls (giska 300 til 1000 orð).

*Greinargerðin er einn mikilvægasti þáttur umsóknarinnar.*

### **3. Fjárhagsáætlun**

Skýr og ítarleg fjárhagsáætlun er nauðsynlegt fylgigagn umsóknar.

Vakin er athygli á því að skrifstofa SL getur leiðbeint um gerð áætlana: [www.leikhopar.is](http://www.leikhopar.is)

Sérstaklega er óskað eftir því að í fjárhagsáætlun sé gerð grein fyrir helstu viðmiðum;

- Laun: Við hvaða taxta er miðað í hverju tilfelli, og í hversu langan tíma?
- Húsnæði: Við hvaða leiguverð er miðað og í hversu langan tíma?
- Við hvað miðast áætlun fyrir kynningar- og markaðskostnað?
- Við hvað miðast áætlun fyrir efniskostnað vegna leikmyndar og búninga,; fyrir leigukostnað vegna tækja- eða aðstöðuleigu (t.d. upptökuaðstöðu, afnot af verkstæði o.þ.u.l.)
- Önnur viðmið ef þurfa þykir

Leiklistarráð mun kalla eftir frekari upplýsingum vegna umsóknar ef nauðsyn krefur.

Þessar upplýsingar er hægt að taka fram í áætlun, eða gera grein fyrir þeim á sérstöku blaði.

Mælst er til þess að umsóknin og nauðsynleg fylgigöng séu prentuð á a4 blöð, merkt verkefninu, og skilað lausum (ekki heft, gormað eða slíkt) í umslagi.

### **Önnur fylgigögn:**

Umsækjanda er heimilt að láta önnur gögn (svo sem handrit, myndir, geisladiska) fylgja eftir því sem hann telur nauðsynlegt.

Æskilegt er að slíkum gögnunum sé skilað í einni möppu, sem merkt er nafni verkefnisins. Öll gögn skulu og merkt verkefninu.

Athygli er vakin á því að greinagerð vegna styrkveitinga fyrra árs, ef einhverjar voru, verða að hafa borist ráðuneytinu áður en umsókn næsta árs er tekin til greina.

Umsækjendum er bent á að vönduð umsókn eykur líkur á styrkveitingu.